

LEIKLISTARSKÓLI ÍSLANDS

Sölvhólgata 13 · Pósthólf 1654 · 121 Reykjavík
Sími 91-25020

Alþingi

Erindi nr. B 115 1801

komudagur 30/3 1992

Reykjavík, 6.3.1992.

Menntamálanefnd Alþingis
fr. Sigríður Anna Þórðardóttir formaður
Alþingishúsinu,
101 Reykjavík.

Erindi: Frumvarp til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Við höfum yfirfarið frumvarpið og styðjum það sjónarmið að reynt sé að skoða á gagnrýninn hátt, hvernig því fé sem fer í þennan málaflokk sé varið og hvernig hægt sé að vinna að því að að eiginfjárstaða sjóðsins batni.

Hins vegar eru nokkur atriði í þessu frumvarpi sem við teljum að þurfi að lagfæra.

1. Við leggjum til að 2. grein verði felld niður. Inngönguskilyrði í Leiklistarskóla Íslands eru að umsækjandi sé 19 ára. Námið er mjög erfitt og nemendum því óheimilt að vinna með námi, umsækjendur þurfa að hafa staðist strangt inntökupróf sem um það bil 10% umsækjenda standast. Það væri mjög miður ef það yrði síðan niðurstaðan að umsækjandinn hefði ekki tók á því að stunda námið vegna fjárhagsaðstæðna. Ég tel mjög mikilvægt að menntayfirvöld og einstakir skólar meti sjálfir út frá þörfum hvernar starfsgreinar hvaða skilyrði nemendur þurfi að uppfylla til að hljóta skólavist og að lánasjóðskerfið taki mið af því. Rétt er líka í þessu sambandi að vekja athygli á því, að heldur virðist nú stefnt að því að starfsmenntun hefjist fyrr en síðar og þá nauðsynlegt að ekki hafi verið sett lög sem hindri eða tefji slíka þróun.


2. Við teljum einnig að nauðsynlegt sé að lán séu veitt til sérskólanáms eins og verið hefur.

3. Við teljum að námsstyrkjakerfi í tengslum við Lánasjóð ísl. námsmanna myndi verka sem mikil örvun fyrir námsmenn og vera hvatning til að leggja sig enn frekar fram í námi.

4. Endurgreiðslur þurfa að vera tekjutengdar og vaxtalausar, launakjör leikara eru því miður svo léleg að ekki er mögulegt að leggja mikla endurgreiðslubyrði á leikara en staðgóð menntun er hins vegar undirstaða þess að halda uppi öflugum leikstarfi í leikhúsum landsins.

Menntun er þjóðinni mikilvæg til að nýta þau verðmæti sem landið og þjóðin búa yfir og á því þarf lánafyrirgreiðsla til námsmanna að byggja.

Virðingarfyllt,



Helga Hjörvar
skólastjóri